

74. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn fimmtudaginn 18. febrúar 2010 kl.16-17 á veitingarstaðnum Kaffitári í Borgartúninu.

Mætt: Ásdís Ólafsdóttir, Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Ragna Karlsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: Lárus Valgarðsson og Sigríður Baldursdóttir voru erlendis.

Fundargerðir

Fundargerðir 72 og 73 samþykktar.

Undirbúningur aðalfundar 18. mars

Farið var yfir dagskrá og boðun aðalfundar. Hann verður haldinn 18. mars og ætlar Ingibjörg að senda bréf til félagsmanna 10. mars. Ragna ætlar að kanna hvort Hjalti geti verið fundarstjóri og Halldór Ármanns ritari eins og fyrri ár. Einnig hvort fundarsalur ÍSOR sé í höfn okkur að kostnaðarlausu, en bjóða á upp á kaffi. Hildur ætlar að athuga með sölu á kertum og Sigurlaug getur tekið með sér bastkörfur stúlkanna á CLF.

Farið var yfir drög að skýrslu stjórnar en hana mun formaður flytja. Ingibjörg og Ásdís ætla að hittast til að gera yfirlit yfir fjárhagsstöðu félagsins.

Þar sem Halldóra hefur óskað eftir að hætta sem skoðunarmaður Alnæmisbarna var kannað hvort María Gunnarsdóttir væri til í að gefa kost á sér sem hún var.

Ragna, Hildur og Sigurlaug geta gengið úr stjórn á þessu ári en ætla allar að gefa kost á sér áfram.

Staða fjármála

Vegna gjaldfellingar krónunnar undanfarið ár mun árið 2010 verða Alnæmisbörnum sérstaklega erfitt en við ætlum að berjast lífróður. Stefnt verður að því að vera með kynningu á félaginu og sölu í Kringlunni laugardaginn 20. mars, fara í Kolaportið í haust og sækja um styrk frá Alheims-Auði. Einnig ætlar Ragna að kanna hvort ISOR geti styrkt okkur eins og fyrri ár með andvirði jólakortasölu síðasta árs.

Drög að greinargerð um skólstyrki

Ingibjörg hefur í samvinnu við Rosette og stjórnarmenn unnið drög að greinargerð um skólstyrkina sem við veitum stúlkunum á CLF. Í greininni eru meðal annars myndir af stúlkunum sem Alnæmisbörn styrkja til náms í almennu skólunum, smá pistill um þær sjálfar og hvernig þeim hefur vegnað í skólanum. Er stefnt að því að skrá þessar upplýsingar einnig á ensku.

Önnur mál

Lagt til að sett verði inn meira efni á heimasíðu Alnæmisbarna eins og mastersritgerð Sigríðar, úttektir sem hún hefur gert, viðtöl og greinar í blöðum.

Með kveðju,
Sigurlaug Hauksdóttir
ritari stjórnar